


M I N N I S B L A Ð

til: **Menntamálaráðherra**


frá: **SÍK - Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda**

efni: **Niðurskurður á Kvikmyndasjóði**


Niðurskurður á Kvikmyndasjóði er ekki í neinu samræmi við tvo aðra stóra og mjög mikilvæga opinbera samkeppnissjóði, Rannsóknasjóð og Tækniþróunarsjóð. Hér að neðan má sjá þróun þessara þriggja sjóða 2012-2014. Kvikmyndasjóður er skorinn hlutfallslega mest niður. Síðan er stillt upp hvernig sambærilegur niðurskurður og til hinna sjóðanna myndi hafa jákvæð áhrif á Kvikmyndasjóð.



Samanburður á milli ára á framlagi í Rannsóknasjóð, Tækniþróunarsjóð og Kvikmyndasjóð. Ef Kvikmyndasjóður yrði lækkaður í samræmi við Rannsóknasjóð ætti hann að nema **887,1 m** króna og **792,2 m** króna sé miðað við lækkun Tækniþróunarsjóðs.



	Fjárlög 2012	Fjárlög 2013	Frumvarp 2014	Breyt. frá 2013
Rannsóknasjóður	764,4	1.305,0	1.135,0	-13%
Tækniþróunarsjóður	774,2	1.265,0	982,5	-22%
Kvikmyndasjóður	515,0	1.020,0	624,7	-39%
Kvikmyndasjóður	515,0	1.020,0	887,1	-13% m.v. Ranns.sj.
Kvikmyndasjóður	515,0	1.020,0	792,2	-22% m.v. Tækniþr.sj.



◀ Árið 2006 var gert samkomulag við þáverandi ríkisstjórn þar sem niðurstaðan var að Kvikmyndasjóður þyrfti að vera að lágmarki 700 m kr. Það svarar til um 1.160 m kr. í dag

▶ Sveiflur í framlögum í Kvikmyndasjóð eru ekki í neinni líkingu við stórar menningarstofnanir og framlög til þeirra.

